

Miðvikudaginn 10. desember 1986.

Nr. 120/1985. **Ormarr Snæbjörnsson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

menntamálaráðherra og

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

(Guðrún Margrét Árnadóttir hdl.)

Stjórnsýsla. Opinberir starfsmenn. Gjafsókn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. maí 1985, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 3. maí 1985. Hann krefst þess aðallega að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 256.071,00 krónu með dómvöxtum af 128.035,50 krónum frá 1. mars 1984 til 1. september 1984, en af 256.071,00 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Til vara krefst hann að stefndi verði dæmdur til að greiða 209.808,00 krónur með dómvöxtum af 104.904,00 krónum frá 1. mars 1984 til 1. september 1984, og af 209.808,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags, en til þrautavara að hann verði dæmdur til að greiða 52.452,00 krónur með dómvöxtum frá 10. janúar 1984 til greiðsludags. Einnig krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 21. ágúst 1985.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti, en til vara að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Ósannað er að Ingvar Gíslason menntamálaráðherra hafi verið búinn að rita á umsókn áfrýjanda að hann samþykkti að setja hann kennara við Þelamerkurskóla er ráðherra sagði áfrýjanda og systur hans, Hólmfriði Snæbjörnsdóttur, að ætlun sín væri að endursetja hann í starfið.

Í 3. gr. laga nr. 97/1974 er boðið að þegar starfsmaður, sem lög

nr. 46/1973 taki til, sé ráðinn í þjónustu ríkisins skuli það gert með skriflegum gerningi og skuli tekið fram hvort um skipun, setningu eða ráðningu sé að ræða. Verður að skilja þetta svo að út skuli gefa sérstakt skipunar- eða setningarbréf eða gera sérstakan ráðningarsamning. Þegar ákvæði 3. greinar var lögtekið náði það til allra þeirra starfsmanna sem skipaðir voru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins að aðalstarfi með föstum tíma- viku eða mánaðarlaunum, sbr. 1. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, aðeins með þeim undantekningum sem taldar voru í 1.-4. tl. 2. mgr. sömu greinar. Enda þótt sett væru síðar lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja sérstaklega og lög nr. 46/1973 tækju ekki eftir það til starfsmanna innan vébanda þeirra samtaka, en þess eigi jafnframt gætt að breyta tilvísun 3. gr. laga nr. 97/1974, verður ekki litið svo á að með því hafi það verið þrengt til hverra ákvæði þetta ætti að taka. Tók það því eftir sem áður til starfs þess sem áfrýjandi sótti um.

Áritun ráðherra á umsóknina verður að telja hafa verið í því skyni gerða að starfsmenn menntamálaráðuneytisins, þeir er höfðu heimild til að undirrita setningarbréf kennara í umboði ráðherra samkvæmt venjubundnum starfsháttum í ráðuneytinu, önnuðust um að semja og gefa út formlegt setningarbréf. Slíkt setningarbréf hafði ekki enn verið gefið út er Ingvar Gíslason lét af störfum sem menntamálaráðherra. Eftir það varð það ekki gefið út nema í umboði og á ábyrgð þess ráðherra er við hafði tekið. Þar sem þannig hafði ekki verið gengið með tilætluðum og endanlegum hætti frá setningu áfrýjanda, er nýr ráðherra tók við embætti, verður að líta svo á að sá ráðherra hafi haft óbundnar hendur um það hvort áfrýjandi yrði settur til að gegna kennarastöðunni eða ekki. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm en rétt er að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Ormars Snæbjörns-sonar, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans fyrir Hæstarétti, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i
hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og
Magnúsar Thoroddsen.

Við erum ósammála atkvæði meirihlutans af ástæðum þeim sem hér greinir.

Setning í opinbert starf er stjórnarathöfn. Stjórnarathöfn felur í sér tvennt: Ákvörðun og yfirlýsingu. Viðurkennt er að fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, hafði gefið bæði áfrýjanda og systur hans loforð um það, að hann myndi endursetja áfrýjanda til kennslustarfa við Þelamerkurskóla um eins árs skeið frá 1. september 1983 að telja. Ljóst er, að menntamálaráðherra gaf áfrýjanda þetta loforð áður en hann ritaði samþykki sitt um endurráðningu áfrýjanda á umsókn hans hinn 20 maí 1983. Hins vegar er ósamræmi milli framburðar systur áfrýjanda og frásagnar í bréfi menntamálaráðherra dags. 20. október 1983 um það, hvenær hann gaf henni loforð þetta. Af efni bréfsins verður ekki annað ráðið en þetta hafi verið fyrir ofanefnda áritun hans, en systir áfrýjanda kveður þetta hafa gerst eftir hana, en það verður að telja ósannað. Ekki verður þó talið, að það geti ráðið úrslitum þessa máls, hvort yfirlýsingar ráðherra voru undanfari athafnar hans eða öfugt. Hitt nægir, að báðum skilyrðunum sé fullnægt, en eigi, hvenær í tímanum þau áttu sér stað. Enda er vilji ráðherrans til þessarar stjórnarathafnar ótvíæður, bæði fyrir og eftir áritun hans á umsókn áfrýjanda og verður að telja, að margnefnd áritun ráðherra á umsókn áfrýjanda sé „skriflegur gerningur“ í skilningi 3. gr. laga nr. 97/1974 og ekki verður á það fallist, að ákvæði Opins bréfs frá 23. nóvember 1827 um meðöl til að frama innlausn veitingarbréfa frá stjórnarráðunum eigi við, þegar um er að ræða endursetningu í starf til eins árs.

Upplýst er í málinu, að það var starfsvenja í menntamálaráðuneytinu, að ráðherra undirritaði ekki sjálfur setningarbréf kennara,

heldur ýmist ráðuneytisstjórinn eða deildarstjóri. Er ráðherra því hafði áritað samþykki sitt á umsókn áfrýjanda og látið hana ganga áfram til undirmanna sinna var málið endanlega afgreitt af hans hálfu og stjórnarathöfnin þar með orðin staðreynd, gjörð á ráðherraábyrgð hans. Þótt tilviljun hafi ráðið því að embættismenn í ráðuneytinu voru eigi búnir að framkvæma ákvörðun ráðherrans með því að undirrita setningarbréf til áfrýjanda, er ný ríkisstjórn tók við völdum hinn 26. maí 1983, þá upphefur það ekki stjórnarathöfn, sem þegar hafði farið fram með lögmaetum hætti.

Samkvæmt því, sem nú hefir verið rakið, verður að telja, að áfrýjandi hafi hinn 20. maí 1983 verið endursettur til kennarastarfa við Þelamerkurskóla um eins árs skeið frá 1. september 1983 að telja.

Þar sem eigi var gengið frá formlegu setningarbréfi til hans og honum þar með meinaður aðgangur að starfanum, verður að líta á það sem ólögmeta uppsögn úr starfi, er stefndu beri fébótaábyrgð á gagnvart áfrýjanda. En þar sem meirihluti dómara er á annarri skoðun, er ekki ástæða til að við fjöllum sérstaklega um bótafjárhæðina.

Við erum sammála málskostnaðar- og gjafsóknarákvæði meirihlutans.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 9. október 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. sept. sl., hefur Ormarr Snæbjörnsson, nnr.: 6902-6966, Smárahlið 16F, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu þingfestri 10. janúar 1984 á hendur Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra, nnr.: 7237-5416, menntamálaráðuneytinu, Hverfisgötu 4-6, Reykjavík og Albert Guðmundssyni fjármálaráðherra, nnr.: 0185-0202, fjármálaráðuneytinu, Arnarhvíli, Reykjavík, f.h. ríkissjóðs, nnr.: 7349-3781, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 256.071,00 auk 45% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. september 1983 til 21. september s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., en með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags stefnu, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Með ársvöxtum sé átt við vexti, sem bætist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, fyrst 1. september 1984 og síðan árlega 1. september ár hvert.

Til vara er gerð krafa um greiðslu á kr. 209.808,00 með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Til þrautavara er krafist greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 52.452,00 með sömu vöxtum og greinir í aðalkröfu.

Þá er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ í öllum tilvikum.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati réttarins, en til vara að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

II.

Málavexti kveður stefnandi vera þá að hann hafi verið settur kennari við Þelamerkurskóla frá 1. september 1980 til eins árs í senn. Vorið 1983 hafi stefnandi sótt um endursetningu í kennarastöðuna til menntamálaráðuneytisins fyrir tímabilið 1. september 1983 til 1. september 1984. Telji stefnandi að þáverandi menntamálaráðherra Ingvar Gíslason hafi þá sett sig í stöðuna og tilkynnt þá ákvörðun bæði stefnanda og systur hans. Hafi hinn fyrrverandi menntamálaráðherra staðfest þetta. Stefnandi hafi farið af landi brott í sumarleyfi sínu í þeirri trú að hann hefði verið ráðinn til kennslustarfa við Þelamerkurskóla næsta vetur. Hafi stefnandi m.a. verið boðaður til undirbúningsstarfa fyrir komandi skólaár þá um sumarið af fræðslustjóra norðurlandsumdæmis eystra. Þegar stefnandi kom til landsins aftur í ágústmánuði 1983 hafi hann fengið þær upplýsingar að núverandi menntamálaráðherra hefði tekið þá ákvörðun að synja honum um stöðuna, og hafi stefnanda skv. ákvörðun ráðherra verið meinað að gegna kennarastöðu sinni og jafnframt hafi hann verið tekinn af launaskrá þann 1. september 1983. Þessari ákvörðun ráðherra vilji stefnandi ekki una og telji sig eiga rétt á greiðslu sem samsvari þeim launum sem hann hefði fengið í setningartímanum, hefði ráðherra ekki meinað honum aðgang að stöðunni.

Kröfugerð stefnanda sé á því byggð að menntamálaráðherrann, Ingvar Gíslason, hafi verið búinn að setja hann í kennarastöðuna og sé síðari ráðherra bundinn af þeirri ákvörðun og geti ekki einhliða tekið ákvörðun um að ógilda ákvörðun fyrirrennara síns. Fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvar Gíslason, hafi ritað þessa ákvörðun sína á umsókn stefnanda og falið embættismönnum ráðuneytisins að senda stefnanda bréf þar að lútandi. Skv. þeim venjum sem gildi og hafi gilt þurfi ekki sérstaklega áritun ráðherra á setningarbréf, þau séu og hafi verið send út undirrituð af ráðuneytisstjóra og/eða deildarstjóra í ráðuneytinu. Stjórnvaldsákvörðun um setningu í kennarastöðu sé tekin með áritun ráðherra þar um á umsókn eða með öðrum þeim hætti sem ráðherra ákveði. Útsending setningarbréfs sé ekki stjórnvaldsákvörðun, heldur einungis tilkynning til viðtaknda um

að hún hafi verið tekin. Því skipti engu þótt embættismenn menntamála-ráðuneytisins hafi dregið að senda út endursetningarbréfið og fengið nýjan ráðherra til þess að taka málið upp að nýju. Fyrri ákvörðun, sem hafi verið tekin og hafi verið tilkynnt stefnanda, hljóti að gilda. Með endursetningunni hafi stofnast tímabundinn ráðningarsamningur aðila fyrir tímabilið 1. september 1983 til 1. september 1984. Stefnanda hafi verið meinaður aðgangur að starfanum þrátt fyrir það að hann byði fram vinnu sína.

Sé aðalkrafa stefnanda á því reist að honum beri skaðabætur sem nemi þeim tekjum sem hann hefði haft frá stefndu, hefði hann fengið að gegna stöðu sinni. Nemi þær tekjur föstum mánaðarlaunum og þeirri meðaltals-yfirvinnu sem stefnandi hafi haft við kennslu síðasta starfsár. Til vara sé gerð krafa um skaðabætur sem nemi föstum mánaðarlaunum í 12 mánuði. Til þrautavara sé gerð krafa um skaðabætur sem nemi 3ja mánaða launum, og sé í því tilviki litið svo á að ákvörðun núverandi menntamálaráðherra megi jafna til ólögmætrar uppsagnar á ráðningarsamningi og beri stefnanda því laun sem svari 3ja mánaða uppsagnarfresti.

Í öðru lagi sé á því byggt að ákvörðun núverandi menntamálaráðherra sé byggð á ólögmætum forsendum, þar sem í bréfi ráðherrans á dskj. nr. 14 sé sagt, að ákvörðunin sé tekin vegna svonefnds „vínkaupamáls“. Þessu máli hafi verið lokið af hálfu ráðuneytisins með áminningu og síðari ráðherra sé bundinn af þeirri ákvörðun fyrirrennara síns að því er þetta varði og því óheimilt að ákvarða stefnanda frekari viðurlög vegna málsins.

Skv. upplýsingum frá launadeild fjármálaráðuneytisins hafi laun stefnanda skólaárið 1982 til 1983 numið kr. 214.315,00 þ.e. föst laun kr. 175.445,00 en aukavinna og aðrar greiðslur kr. 28.690,00. Hlutfall aukavinnu af föstum launum hafi því verið 22,05%. Stefnandi hafi talið sig ráðinn til sömu kennslu í vetur. Mánaðarlaun kennara skv. því launaprepi 18 flokks, sem stefnandi hefði fengið greitt eftir, hafi numið kr. 17.484,00 í september 1983. Byggi aðalkrafan á tölfföldun þeirrar fjárhæðar að viðbættum 22,05% vegna aukastarfa. Varakrafa nemi 12 mánaðarlaunum skv. 18. launaflokki BSRB á september verðlagi. Þrautavarakrafan sé um þrenn mánaðarlaun skv. sama launaflokki.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á því að í alla staði hafi verið farið að lögum og að engum þeim ástæðum sé til að dreifa, sem bakað geti bóta-skyldu gagnvart stefnanda málsins.

Á dskj. nr. 6 sé að finna þann grundvöll að vinnuréttarsambandi sem síðast hafi gilt milli aðilja, þ.e. tímabilið 1. september 1982 til 1. september 1983. Hér hafi verið um setningu í stöðu að ræða. Eðli setningar sé að hún gildi til fyrirfram ákveðins tíma. Að þessum tíma liðnum hafi samningssamband aðilja fallið niður. Hér hafi því gilt hið sama og endranær, að hvorugur hafi eftir það borið neinar skyldur gagnvart hinum. Engar

sérstakar forsendur hafi þurft að vera fyrir hendi til að endurnýja ekki þetta vinnuréttarsamband. Stjórnarmiðum stefnanda um annað sé mótmælt, svo og fullyrðingum hans um ólögmatar forsendur menntamálaráðherra fyrir ákvörðun sinni. Afgreiðsla fyrrum menntamálaráðherra á „vínkaupamálinu“ hafi lotið að því vinnuréttarsambandi sem í gildi var. Hún hafi ekki þýtt annað en að um riftun þess yrði ekki að ræða.

Setning í stöðu sé stjórnarathöfn. Stjórnarathöfn feli í sér tvennt, ákvörðun og yfirlýsingu. Ekki sé um það deilt að ákvörðun fyrrverandi menntamálaráðherra um endursetningu stefnanda hafi verið tekin, sbr. áritun hans á umsókn stefnanda. Því sé hinsvegar haldið fram að gild stjórnarathöfn hafi ekki verið framkvæmd. Ástæðan sé sú að seinna skilyrðinu, þ.e. yfirlýsingu, hafi ekki verið fullnægt með þeim hætti sem vera bar.

Af hálfu stefndu sé ekki vitað til þess að setning eða skipun í stöðu hafi nokkurn tíma átt sér stað með öðrum hætti en þeim að setningin eða skipunin hafi verið skrifleg. Löng og órofin venja renni hér eindregið stoðum undir að ekki sé unnt að líta svo á að stefnandi hafi hlotið setningu í stöðu. Óformlegt tal fyrrverandi ráðherra og stefnanda um að stefnandi fengi setningu geti ekki nægt til að álykta megi að fullkomin stjórnarathöfn í þessa veru hafi verið framkvæmd. Ef svo væri hefði setningarbréf verið með öllu óþarft. Almennt hlyti þá að teljast nægilegt að koma tilkynningu um svona ákvörðun eða væntanlega ákvörðun af þessu tagi á framfæri með öðrum og óformlegri hætti. Slik niðurstaða væri ótæk. Hér sé einnig bent á að samtal fyrrverandi ráðherra og stefnanda sýnist hafa átt sér stað áður en nokkur umsókn lá fyrir af hálfu stefnanda.

Varðandi þetta sé einnig bent á ákvæði 3. gr. 1. mgr. 1. nr. 97/1974. Þar segir efnislega að þegar starfsmaður, sem kjarasamningalög taki til, sé ráðinn í þjónustu ríkisins, skuli það gert með skriflegum gerningi. Tekið skuli fram hvort um skipun, setningu eða ráðningu sé að ræða. Fyrir gildistöku þessara laga hafi verið allnokkuð um munnlegar ráðningar að ræða í ríkisþjónustu og sé ekki véfengt að slíkt gæti verið gilt og heimilt. Slíkt hafi ekki átt við um skipanir og setningar.

Áréttað sé að ekki verði séð að fyrrverandi ráðherra hafi gefið starfsmönnum sínum skýr fyrirmæli um að ganga frá setningu stefnanda. Slíkt virðist ekki hafa legið fyrir þeim fyrr en eftir stjórnarskipti, sbr. dskj. nr. 27. Við þannig aðstæður sé eðlilegt að gera jafnvel enn ákveðnari kröfur um skýrleika í stjórnarframkvæmd en endranær.

Fari svo að ekki verði fallist á sýknukröfu stefndu sé til vara krafist lækkunar á stefnukröfum. Í því sambandi skuli bent á, að sú aðferð stefnanda að telja allt tjón sitt hafa orðið hinn 1. september 1983 og reikna vexti frá þeim degi á alla stefnufjárhæðina, fái ekki staðist. Þá sé þeirri kröfu

mótmælt, að vextir verði lagðir við höfuðstól og þeir reiknaðir af höfuðstólum þannig uppfærðum.

Við ákvörðun bóta beri einnig að hafa í huga, að stefnandi hefði getað fengið aðra stöðu en þá sem sótt var um. Greiðslu yfirvinnu er mótmælt.

III.

Ágreiningslaust er að ákvörðun fyrrverandi menntamálaráðherra, Ingvars Gíslasonar, lá fyrir um það að stefnandi skyldi endursettur í stöðu sína. Þá er enn fremur ágreiningslaust að ráðherra hafði gert stefnanda kunnugt um þessa ákvörðun sína. Hins vegar er ósannað gegn andmælum stefndu að sú ákvörðun hafi verið tilkynnt stefnanda eftir að ráðherra hafði ritað samþykki sitt á umsókn stefnanda. Ágreiningur stendur um það hvort gild stjórnarathöfn hafi verið framkvæmd með þessari áritun ráðherra á umsókn stefnanda.

Birgir Thorlacius, fyrrverandi ráðuneytisstjóri í mettamálaráðuneytinu, og Sigurður Helgason, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, hafa báðir komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Báru þeir báðir að þeir þekktu þess engin dæmi að setning eða skipun í stöðu hafi nokkru sinni farið fram munnlega. Hvorugur kannaðist við að ráðherra hefði falið sér sérstaklega að annast útgáfu setningarbréfs til handa stefnanda.

Samkvæmt framburði þeirra verður að telja það ófrávikjanlega starfsreglu, þar sem annað er ósannað, að setning í kennarastöðu sé hagað á þann hátt að sá sem settur er í stöðuna fær í hendur setningarbréf undirritað af ráðuneytisstjóra í umboði ráðherra eða deildarstjóra í fjarveru ráðuneytisstjóra.

Stefnandi hefði starfað um árabíl sem settur kennari og þá jafnan til eins árs í senn skv. setningarbréfum sem lögð hafa verið fram í máli þessu. Samkvæmt orðalagi bréfanna miðast setningin við útgáfu þeirra sbr. orðalagið: „Ráðuneytið endursetur yður hér með ...“.

Í 1. mgr. 3. gr. 1. nr. 97/1974 um eftirlit með ráðningu starfsmanna og húsnæðismálum ríkisstofnana segir svo: „Þegar starfsmaður, sem lög nr. 46/1973 taki til, er ráðinn í þjónustu ríkisins skal það gert með skriflegum gerningi. Skal það tekið fram hvort um skipun, setningu eða ráðningu er að ræða.“ Þegar lög þessi voru sett tóku l. nr. 46/1973 til kennara, en með 1. gr. 1. nr. 61/1977 voru ríkisstarfsmenn, sem félagar voru í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, felldir út úr lögnum og sett um laun þeirra og starfskjör sérstök lög nr. 29/1976, sem tóku gildi 1. júlí 1977.

Ekki verður talið að það hafi verið ætlun löggjafans með þessari laga-setningu að 1. mgr. 3. gr. 1. nr. 97/1974 tæki ekki lengur til þessa hóps ríkisstarfsmanna, þar sem hin nýju lög kveða ekkert á um form ráðningar-

samninga og væri slík túlkun í andstöðu við tilgang laganna frá 1974. Verður því að líta svo á að tilvitnuð lagagrein gildi jafnframt um þá ríkisstarfsmenn, sem l. nr. 29/1976 taki til meðan annað er ekki ákveðið í lögum. Er það og í samræmi við þá almennu venju sem ríkt hefur um ráðningar þessara ríkisstarfsmanna, einnig eftir gildistöku l. nr. 61/1977.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið verður ekki á það fallist að áritun Ingvars Gíslasonar fyrrverandi menntamálaráðherra á umsókn stefnanda svohljóðandi: „Samþ. að endursetja 20/5 1983 IG“ verði jafnað til skriflegs ráðningargernings skv. 1. mgr. 3. gr. l. nr. 97/1974, enda felur áritunin ekki annað í sér samkvæmt orðanna hljóðan en ákvörðun um að tiltekin stjórnarathöfn skuli framkvæmd.

Þar sem stettingarbréf til handa stefnanda var ekki gefið út í ráðherratið Ingvars Gíslasonar verður að telja eðli málsins samkvæmt að Ragnhildi Helgadóttur menntamálaráðherra, sem tók við embætti af Ingvari Gíslasyni, hafi verið rétt að breyta þessari ákvörðun hans, enda bar hún hina embættislegu ábyrgð á setningunni eftir að ráðherraskipti höfðu orðið.

Vinnuréttarsambandi stefnanda og stefndu átti að ljúka 1. september 1983. Ekki verður fallist á það að ráðherra hafi þurft að tilgreina sérstakar forsendur til að endurnýja ekki það vinnuréttarsamband og verður því ekki fallist á þá málsástæðu stefnanda, að honum hafi verið hafnað á ólögætum forsendum.

Með vísan til framanritaðs ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda Ormars Snæbjörnssonar í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.